

**Ed.**

## **50. Breytingartillögur**

**[12. mál]**

við frv. til áfengislaga.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:  
Tilgangur laga þessara er sá að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli, sem því er samfara.
2. Við 3. gr. 3. málsl. orðist svo: Þó skal óheimilt að flytja til landsins öl.
3. Við 4. gr.
  - a. Síðasti málsl. 3. málsg. falli niður.
  - b. Orðin „og óinnsiglaðan skipsforða áfengis“ í 4. málsg. falli niður.
  - c. 5. málsg. falli niður.
  - d. Síðasta málsg. orðist svo:  
Fyrirmæli þessarar greinar ná einnig til flugvéla, sem hér hafa viðkomu, þó ekki til þeirra, sem hafa skamma viðdvöl, enda sé þá farangur og farmur eigi fluttur úr flugvélinni. Fyrirmælin ná eigi heldur til herskipa eða erlendra skemmtiferðaskipa.
4. Við 8. gr. Síðasti málsl. orðist svo: Andvirðið rennur í áfengisvarnasjóð.
5. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist: Óheimilt er að gefa veitingamönnum afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings.
6. Við 10. gr. Greinin orðist svo:  
Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn útsölustaði áfengis, en fara skal fram atkvæðagreiðsla kosningarbærra manna í því bæjar- eða sýslufélagi, sem í hlut á, áður en slík útsala er sett þar á stofn, og þarf meiri hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð. Áfengisútsala skal lögð niður, ef það er samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða í viðkomandi bæjar- eða sýslufélagi.  
Atkvæðagreiðslur þær, sem um getur í þessari grein, skulu fara fram, er ríkisstjórn, meiri hluti í viðkomandi bæjarstjórn og sýslunefndum eða  $\frac{1}{3}$  hluti kjósenda í viðkomandi bæjar- eða sýslufélögum krefst þess. Nú hefur verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu eða loka útsölu, eða samþykkt að leggja niður útsölu samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar, og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný, fyrr en að tveimur árum liðnum.
7. Við 12. gr.
  - a. Í stað 1. málsg. komi tvær málsg., er orðist svo:  
Þegar leyft hefur verið að setja á stofn útsölu á þann hátt, sem fyrir er mælt í 10. gr. þessara laga, ákveður ríkisstjórnin tölu og staðsetningu útsölu-

og veitingastaða í viðkomandi landshlutum. Leyfi til endursölu og veitinga áfengis skal þó ávallt háð þeim skilyrðum, að það sé selt í veitingahúsi, sem að dómi ríkisstjórnarinnar er fyrsta flokks um allan útbúnað, umgengni þrifnað og reglusemi og selur auk þess mat og fjölbreytta óáfenga drykki.

Aldrei má reikna þjórfe (þjónustugjald) af sölu áfengra drykkja né launa starfsfólk með hundraðshluta af sölu þeirra, né láta af hendi eða taka á móti sérstöku gjaldi fyrir að bera fram eða selja áfengi.

- b. 2. málsg. orðist svo:

Áður en veitingaleyfi er veitt samkv. 1. málsg. skal leita umsagnar áfengisvarnaráðs, bæjarstjórnar eða sýslunefndar og áfengisvarnanefndar á þeim stað, sem í hlut á.

- c. 3. málsg. falli niður.

- d. Orðin „í kaupstað“ í 5. málsg. falli niður — og í stað orðanna „í þeim kaupstað“ síðar í sömu málsg. komi: á þeim stað.

- e. Í stað orðanna „í ríkissjóð“ í lok 6. málsg. komi: í áfengisvarnasjóð.

8. Við 15. gr. Fyrri másl. 2. málsg. falli niður.

9. Við 16. gr.

- a. Orðin „né veiti“ í 1. málsg. falli niður.

- b. Á eftir 1. málsg. komi ný málsg., er orðist svo:

Áfengi má ekki veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður eða svo mjög undir áhrifum vins, að hann brjóti almennar umgengnisreglur á veitingastað. Skal viðkomandi veitingamaður, eftirlitsmaður með áfengisveitingum eða veizlustjóri láta þegar fjarlægja hvern þann, sem þannig er ástatt um, og ber að stöðva allar veitingar á staðnum, unz það hefur verið gert. Þessi ákvæði gilda einnig um áfengisveitingar samkvæmt 20. gr. þessara laga.

10. Á eftir 20. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Eftirlitsmaður með áfengisveitingum skal hafa aðgang að hverjum þeim stað, þar sem leyft hefur verið að veita áfengi, jafnt í félögum og veizlum sem á opinberum veitingastöðum, og ber honum að sjá um, að fyrirmælum þessara laga sé hlýtt, og kæra yfir, ef brotið er út af. Honum skal enn fremur heimill aðgangur að hvers konar mótum og samkomum, ef grunur leikur á, að þar sé haft vin um hönd, í því skyni að gæta þess, að ölvun eigi sér ekki stað, sem fer í bága við fyrirmæli og tilgang þessara laga. Heimilt er honum að afla sér þar hvers konar sönnunargagna, sem hann telur nauðsynleg til sönnunar brotum á lögum þessum.

11. Á eftir 25. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Sé það á almannavitorði, að fyrirmæli 21.—25. gr. þessara laga hafi verið brotin á ákveðnum samkomum, eða ef sterkur grunur liggur á því, að svo hafi verið, ber að láta fram fara réttarrannsókn á meintum brotum, þótt engin kæra hafi fram komið, svo að upplýst verði á þann hátt, hvort um meint brot hafi verið að ræða eða ekki.

12. Við 26. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórnin skipar sérstakan lækni, sem hefur þekkingu á drykkjusýki og meðferð drykkjusjúkra manna, til þess að hafa með höndum yfirumsjón þessara mála. Skal hann rækja starfið sem aðalstarf og tekur laun samkvæmt IV. flokki launalaga. Hann skal einnig vera áfengisvarnaráðunautur ríkisstjórnarinnar án sérstakra launa. Starfar hann samkvæmt erindisbréfi, er ríkisstjórnin setur honum.

13. Á eftir 27. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Dómsmálaráðherra skipar eftirlitsmenn með neyzlu og meðferð áfengis á öllum þeim stöðum í landinu, þar sem leyfðar eru útsölur og veitingar áfengis, svo marga sem þurfa þykir að dómi áfengisvarnaráðs. Skal þeim skylt að fylgjast með því að fyrirmælum laganna sé hlýtt í hvívetna, og bera fram kærur á hendur þeim, sem brotlegir hafa gerzt. Gerist eftirlitsmaður brotlegur um með-

ferð og sölu áfengis eða hylmir yfir með öðrum, er gerzt hafa brotlegir, eða vanrækir á einn eða annan hátt starf sitt, svo að lögbrot verði öðrum auðveldari, skal hann sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

Að öðru jöfnu skulu meðlimir áfengisvarnanefndar ganga fyrir sem eftirlitsmenn, enda skal ávallt leita álits áfengisvarnaráðs, áður en ráðherra skipar slíkan starfsmann.

Á þeim stöðum, sem útsölur eða veitingar áfengis eru ekki leyfðar, skal eftirlitsstarfið falið áfengisvarnanefndum þar, og her þeim þá að hafa eftirlit með mótum og samkomum, sem haldnar eru á því svæði, sem þeim tilheyrir.

Eftirlitsmenn geta hvenær sem er krafizt aðstoðar lögreglumanna, ef þeim þykir ástæða til í sambandi við brot á lögum þessum.

Ráðherra setur reglugerð um störf eftirlitsmanna og laun þeirra.

14. Við 30. gr. Greinin orðist svo:

Í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, skal fara fram fræðsla um áhrif áfengisnautnar. Sérstaka áherzlu skal leggja á að upplýsa, hvaða áhrif ofnautn áfengis hefur á líkama mannsins, vinnuþrek, siðferðisþroska hans og sálarlíf, á heimili manna, umgengnisvenjur og almenna siðfágun, á fjárhag einstaklinga og þjóðarinnar, á öryggi í vandasömu starfi og atvinnu manna almennt. Enn fremur skal veita fræðslu um það, hver sé öruggasta leiðin til að forðast ofnautn áfengis.

Áfengisvarnaráði skal skylt að sjá svo um, að skólarnir eigi þess jafnan kost að fá hentugar kennslubækur og kennslukvikmyndir, eftir því sem við á á hverju skólastigi, allt frá barnaskólum til háskóla. Ráðherra setur nánari fyrirmæli með reglugerð um kennslustundafjöldi í hverjum skóla, prófstig o. fl., er að námsgreininni lýtur, að fengnum tillögum frá áfengisvarnaráði.

Skylt skal öllum sóknarprestum landsins að hafa eftirlit með því, að börn og unglingar hafi fengið þá fræðslu, sem ákveðin er í barnaskólum samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar, og er það skilyrði fyrir ferningu barna, að þeim hafi verið kennd sú námsgrein.

15. Við 31. gr. Í stað 3. málsl. 1. málsg. komi: Skulu í hann renna allar sektir samkvæmt ákvæðum þessara laga. Nægi þær ekki fyrir útgjöldum, skal sú upphæð, sem á vantar, greiddast af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins.
16. Við 32. gr. Greinin falli niður.
17. Við 36. gr. Aftan við greinina bætist: Sektarákvæði samkvæmt 34. og 35. gr. gilda einnig um flugvélar og annan farkost, formenn þeirra og áhafnir, ef þeir gerast brotlegir við fyrirmæli þessara laga.
18. Við 37. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:  
Brot gegn 1. málsl. 7. gr. og reglugerð samkvæmt síðasta málsl. 1. málsg. sömu greinar ....
19. Við 42. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:  
Brot gegn ákvæðum 2. málsg. 12. gr. og ákvæðum 16. gr. ....
20. Við 43. gr. Upphaf 1. málsg. orðist svo:  
Brot gegn 1. málsg. 19. gr. og 1. málsg. 28. gr. varða ....
21. Við 46. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:  
Brot gegn 22.—24. gr. og gegn 30. gr. varða ....
22. Við 48. gr. Í stað orðanna „í Menningarsjóð“ í 1. málsg. komi: í áfengisvarnasjóð.
23. Við 51. gr. Greinin falli niður.